

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2002 frá 27. september 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns og um breytingu á tilskipunum 70/156/EBE og 97/27/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
„- **32001 L 0085:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45w (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0085:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 (Stjtíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1).“

3. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB):

„45y. **32001 L 0085:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til fjarþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns og um breytingu á tilskipunum 70/156/EBE og 97/27/EB (Stjtíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við mgr. 7.6.11.1:

„Neyðarútgangur“

„Nødutgang“

b) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við mgr. 7.7.9.1:

„Stoppistöð“

„Stopper““

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/85/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann